

Gjörðabók Regluráðs AKÍS

2021-05-04 14:54 Skipun í regluráð Gert af: AKÍS

Stjórn AKÍS skipar í Regluráð á fundi sínum 20. apríl 2021.

Skipaðir eru Tryggvi Magnús Þórðarson, Aðalsteinn Símonarson og Ingimundur Helgason.

2021-05-04 17:37 Torfæra - beiðni Gert af: AKÍS

Sælir

Það var að koma inn reglubreyting frá Torfæuraráði.

3.1.4.b Keppnishaldara er heimilt að setja sérstök takmörk á fjölda aðstoðarmanna með sérreglum ef ytri aðstæður krefjast þess, að fengnu samþykki keppnisráðs torfæru.

Væru þið til í að fara yfir þetta og láta mig vita sem fyrst hvort þetta sé samþykkt. Það liggur smá á þessu því það er fyrsta keppni í torfæru er á laugardaginn 8 maí.

Læst fylgja link á reglurnar.

[Keppnisreglur í Torfæru](#)

Kv. Helga

[Keppnisreglur í Torfæru](#)

2021-05-04 19:38 Torfæruleglur Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir torfæru skilað til AKÍS.

Til stjórnar AKÍS

Regluráð AKÍS hefur að beiðni keppnisráðs í torfæru, farið yfir breytingu á keppnisgreinarreglum fyrir torfæru 2021.

Regluráð gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Í samræmi við grein 2.1.g í reglugerð um regluráð AKÍS er lagt til að í keppnisgreinareglum fyrir torfæru verði breytt frá og með 4. maí 2021.

Við grein 3 bætist nýr liður:

3.1.4.b Keppnishaldara er heimilt að setja sérstök takmörk á fjölda aðstoðarmanna með sérreglum ef ytri aðstæður krefjast þess, að fengnu samþykki keppnisráðs torfæru.

Regluráð fer þess á leit við stjórn AKÍS að staðfesta útgefna breytingu og birta sem fyrst á vef sambandsins, sbr. 4. tl. 3. egr. 18. gr. laga Akstursíþróttasambands Íslands.

Í regluráði AKÍS

Tryggvi Þórðarson

Ingimundur Helgason

Aðalsteinn Símonarson

2021-05-05 11:45 Rallycross - beiðni Gert af: AKÍS

Sælir

Það var verið að gera reglubreytingar í Rallycrossi þar sem var verið að bæta inn refsingum úr FIA reglum segja þeir, ásamt að bæta öryggisfulltrúa kalfanum inn.

Væri þið til í að kíkja yfir þetta.

[Rallycross reglur 2021](#)

Kv. Helga

[Rallycross reglur 2021](#)

2021-05-07 11:11 Rallycross - afturköllun Gert af: AKÍS

Sælir,

Ég fékk þau skilaboð frá einum í ráðinu að draga reglubreytingarnar til baka. Því keppnisráðið í rallycrossi þarf að vinna þetta betur. Einu breytingarnar á reglunum sem þurfa að vera núna er að setja kaflan með öryggisfulltrúa inn í reglurnar.

Kv. Helga

2021-05-12 11:42 Torfæra - beiðni Gert af: AKÍS/Keppnisráð í torfæru

Góðann dag,

Torfæru ráð óskar eftir að eftirfarandi reglur verði uppfærðar í eftirfarandi köflum:

Torfæru reglur 2021

Götubílar - Tæknilegar reglur

Torfæru reglur 2021

Tæknilegur hluti

Núverandi:

1.5 Skylt er að nota armólar eða glugganet.

1.5.a Ef fjarlægðin frá miðju ökumannssætis að ytri brún veltibúrs er minni en 45 cm er glugganet skylda.

1.5.b Glugganet skulu vera FIA viðurkennd til akstursíþróttar.

1.5.c Armólar skulu festar neðan við olnboga og vera losanlegar með öryggisbelti.

Verði:

1.5 Skylt er að nota armólar eða glugganet.

1.5.a Glugganet skulu vera FIA/SFI viðurkennd til akstursíþróttar.

1.5.b Armólar skulu festar neðan við olnboga og vera losanlegar með öryggisbelti.

Fyrir hönd keppnisráðs í torfæru,

Aðalbjörg Ósk

2021-05-13 10:27 Torfæra - umfjöllun með tölvupóstum

Sælir

Mér yfirsást „eða“ og las sem „og“ og það er minn feylli í þessu mati mínu.
Túlkaði hvoru tveggja skylt og án takmarkana.

Sammála um að fá frekari rökstuðning frá ráðinu.

IH

From: tryggvimagnus@gmail.com <tryggvimagnus@gmail.com>

Sent: fimmtudagur, 13. maí 2021 10:21

To: allisim68@gmail.com; Ingi - Shelby GT500 <ingimundur@shelby.is>

Subject: RE: Brevtingar á greinarreglum í torfæru

Þá áttir.

Þetta er ekki einföld breyting þó hún líti út fyrir það.

Ég er því sem ég kemst næst þá kom þessi grein um glugganetið (<45cm frá sæti út úr búri) inn

síðastliðið haust eða svo.

Þetta var gert þar sem ólar voru ekki taldar örvassar að halda höndum innan búrs við veltu væri

fiarlæðin ekki meiri.

Síðastliðna helgi kemur síðan upp að svo til enginn sem var með glugganet og enginn virtist hafa lesið

reglurnar.

Þannig að nú á að breyta þessu þannig að það sem bótti nauðsynleg örvassiráðstöfun fyrir ca ári er

fjöldi burta svo að keppendur þurfi ekki að uppfylla þetta.

Ég vil fá að vita rökstuðning þess því þetta var sett inn og einnig rökstuðning fyrir því að ákvæðið er

tekið út.

Sé ástæðan "við nenum ekki að framfylgja þessu" eða "allir (keppendur) eru vondir við okkur" hvað

gerum við þá?

mbk/t

From: allisim68@gmail.com <allisim68@gmail.com>

Sent: fimmtudagur, 13. maí 2021 09:38

To: 'Ingi - Shelby GT500' <ingimundur@shelby.is>; 'Tryggvi Magnus Thordarson'

<tryggvi@trygvi.org>

Subject: RE: Brevtingar á greinarreglum í torfæru

Sælir

Ég skil þetta akkúrat hinsegin, það er verið að vikka valið hvort notað er glugganet eða armólar.

Ákvæðið sem skilyrðir glugganet við ákveðnar aðstæður er tekið út.

Engu að síður sé ég ekki annað en þetta sé OK fyrst keppnisráðið leggur þetta til og ekki verið að

koma með nýtt inn.

Annað, mér finnst að það eigi ekki að vera að breyta einni og einni grein á miðju tímabili, þ.e.

greinum eins og þessari sem hafa ekkert með keppnishaldið, aukið öryggi eða ákvörðun úrslita að

gera, svoleiðis ætti að taka í einum pakka við endurskoðun að hausti

Kveðja,

Alli – 839 8183

From: Ingi - Shelby GT500 <ingimundur@shelby.is>

Sent: miðvikudagur, 12. maí 2021 21:37

To: Aðalsteinn Simonarsson <allisim68@gmail.com>; Tryggvi Magnus Thordarson

<tryggvi@trygvi.org>

Subject: RE: Brevtingar á greinarreglum í torfæru

Sælir

Er þetta eitthvað sem við þurfum að velta fyrir okkur – skilyrði felld út og því alfarið skylda að hafa

glugganet.

IH

Ákveðið að fá frekari rökstuðning frá Keppnisráði í torfæru

2021-05-31 20:52 Rally - beiðni Gert af: Keppnisráð í rally

Góða kvöldið.

Keppnisráð í rally óskar eftir að bætt verði við gildandi greinarreglur fyrir rally. Ástæðan er að fyrirkomulag sem tíðkast hefur við keppnishald til margra ára á sér ekki stoð í reglum en mikill vilji er til að geta viðhaft, helst strax í keppni sem fer fram 4. og 5. júní n.k.

Umrædd viðbót er rauðlituð í textanum hér fyrir neðan, allt undirgreinar við 3.2.3., en til að halda samhenginu er öll greinin höfð hér með til glöggvunar.

GREIN 3.2 ÁHÖFN

3.2.1 Áhöfn samanstendur af öikumanni og aðstoðarökumanni.

3.2.1.a Keppnishaldara er heimilt, í keppnum sem ekki eru hluti af Íslandsmóti og að fengnu samþykki

dómnefndar, að leyfa akstur ökutækis án aðstoðarökumanns.

3.2.2 Aðstoðarökumanni er aðeins heimilt að aka ökutæki á ferjuleiðum.

3.2.3 Áhöfn skal vera í ökutæki allan tímann meðan á keppni stendur og ökutæki er á ferð, nema í þeim

tilvikum sem tilgreind eru í reglum þessum eða öðrum íbróttarreglum.

3.2.3.a Í hverri keppni er keppnishaldara heimilt, með leyfi dómnefndar og öryggisfulltrúa, að leyfa annan aðstoðarökumann á einni sérleið, svokallaðan gesta aðstoðarökumann.

3.2.3.a.i Gesta aðstoðarökumaður skal lúta öllum sömu reglum um öryggisbúnað og framkomu eins og aðrir í áhöfn ökutækis.

3.2.3.a.ii Keppnishaldari skal að minnsta kosti þremur dögum fyrir reisingu fyrsta bíls gefa út tilkynningu á upplýsingatöflu keppinnar á hvaða sérleið gesta aðstoðarökumaður verður leyfður.

3.2.3.a.iii Keppnishaldari skal hafa skriflegar upplýsingar um nöfn og kennitölur gesta aðstoðarökumanna, ásamt í hvaða ökutæki þeir munu verða

3.2.3.a.iv Í sérreglum keppinnar skal kveða nánar á um fyrirkomulag við skipti á aðstoðarökumönnum, svo sem hvar það er heimilt og hvort viðkomandi sérleið telur til úrslita í keppninni.

3.2.4 Séu á einhverjum tíma fleiri en áhöfn í ökutæki meðan hún er á ferð, varðar það brottvísun úr keppni.

3.2.5 Áhöfn skal hafa öryggisbelti spennat allan tímann sem ökutæki er á ferð, að viðlagðri brottvísun úr keppni.

3.2.6 Hætti annar úr áhöfn telst þátttöku hennar í keppni lokið

Kveðja,
Alli – 839 8183

2021-05-31 21:25 Rallycross - beiðni Gert af: AKÍS/Keppnisráð í rallycross

Hæ

Þessar breitingar hér að neðan á reglum fyrir rallycross eru samþykktar hjá keppnisráði RC

Breitingarnar voru að beiðni AKÍS og regluráðs

Bæta þessu inní 5.0 Öryggismál

Grein 5.5 ÖRYGGISFULLTRÚI

5.5.1 Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á að framkvæmd keppni stefni ekki áhorfendum, starfsmönnum, keppendum eða tengdum aðilum í hættu.

5.5.2 Öryggisfulltrúi hefur heimild til að stöðva keppni eða einstaka keppendur eða öikumenn, telji hann þörf á því.

5.5.3 Verði slys á fólki ber öryggisfulltrúa að gera skýrslu til AKÍS um atvikið, lýsa aðstæðum og meta mögulegar orsakir.

5.5.4 Öryggisfulltrúa er heimilt að taka ökutæki sem aðild á að óhappi til frekari skoðunar áður en keppandi fær aðgang að því aftur.

5.5.4.a Slík skoðun má fara fram eftir að keppni lýkur.

Taka út úr grein 1.1.2 þessa málsgrein: „Keppnisreglum FIA „

Bæta þessu inn. „3.2.5.b Keppnishaldara er heimilt að setja sérstök takmörk á fjölda aðstoðarmanna með sérreglum ef ytri aðstæður krefjast þess, að fengju samþykki keppnisráðs í rallycrossi“

keppnisráð RC

2021-06-02 19:00 Yfirferðarfundur

Mættir: AS, TMB, IH

Mál á dagskrá:

1) Erindi frá rallycrossráði

Bæta þessu inn í 5. kafla um öryggismál:

Grein 5.5 ÖRYGGISFULLTRÚI

5.5.1 Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á að framkvæmd keppni stefni ekki áhorfendum, starfsmönnum, keppendum eða tengdum aðilum í hættu.

5.5.2 Öryggisfulltrúi hefur heimild til að stöðva keppni eða einstaka keppendur eða ökumenn, telji hann þörf á því.

5.5.3 Verði slys á fólki ber öryggisfulltrúa að gera skýrslu til AKÍS um atvikið, lýsa aðstæðum og meta mögulegar orsakir.

5.5.4 Öryggisfulltrúa er heimilt að taka ökutæki sem aðild á að óhappi til frekari skoðunar áður en keppandi fær aðgang að því aftur.

5.5.4.a Slík skoðun má fara fram eftir að keppni lýkur.

Taka út úr grein 1.1.2 orðin **Keppnisreglum FIA**

Bæta þessu í grein 3.2.5 eftirfarandi tölulið:

3.2.5.b Keppnishaldara er heimilt að setja sérstök takmörk á fjölda aðstoðarmanna með sérreglum ef ytri aðstæður krefjast þess, að fengnu samþykki keppnisráðs í rallycrossi.

Regluráð samþykkir ofangreindar breytingar.

- 2) Til að tryggja fljóta og skilvirka umsögn Regluráðs leggur ráðið til að eftirfarandi vinnulag verði tekið:

Regluráð fær tillögur að reglum frá viðkomandi keppnisráðum sem þurfa að vera settar fram á eftirfarandi hátt:

- i) Skýrt sé hvaða greinar verið er að breyta. Þannig
- ii) Ský

Hvernig vitum við að það sem við fáum frá ráðunum, sé frá þeim en ekki einstaklingum? Eigum við að heimta fundargerð með þar sem breytingar eru ræddar til að vera vissir, eða eigum við ekki að hafa áhyggjur af því

2021-06-02 23:31 Rallyreglur Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir rally skilað til AKÍS.

Til stjórnar AKÍS

Regluráð AKÍS hefur að beiðni keppnisráðs í rally, farið yfir breytingu á Keppnisgreinareglum fyrir rally 2021.

Regluráð gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Í samræmi við grein 2.1.g í reglugerð um regluráð AKÍS er lagt til að Keppnisgreinareglum fyrir rally 2021 verði breytt frá og með 2. júní 2021.

Við grein 3.2.3 bætast nýir liðir:

3.2.3.a Í hverri keppni er keppnishaldara heimilt, með leyfi dómnefndar og öryggisfulltrúa, að leyfa annan aðstoðarökumann á einni sérleið, svokallaðan gesta aðstoðarökumann.

3.2.3.a.i Gesta aðstoðarökumaður skal lúta öllum sömu reglum um öryggisbúnað og framkomu eins og aðrir í áhöfn ökutækis.

3.2.3.a.ii Keppnishaldari skal að minnsta kosti þremur dögum fyrir ræsingu fyrsta bíls gefa út tilkynningu á upplýsingatöflu keppinnar á hvaða sérleið gesta aðstoðarökumaður verður leyfður.

3.2.3.a.iii Keppnishaldari skal hafa skriflegar upplýsingar um nöfn og kennitölur gesta aðstoðarökumanna, ásamt í hvaða ökutæki þeir muni verða.

3.2.3.a.iv Í sérreglum keppinnar skal kveða nánar á um fyrirkomulag við skipti á aðstoðarökumönnum, svo sem hvar það er heimilt og hvort viðkomandi sérleið telur til úrslita í keppinni.

Regluráð fer þess á leit við stjórn AKÍS að staðfesta útgefna breytingu og birta sem fyrst á vef sambandsins, sbr. 4. tl. 3. egr. 18. gr. laga Akstursíþróttasambands Íslands.

Auk þess er æskilegt að birta frétt um breytinguna á miðlum sambandsins.

Í regluráði AKÍS

Tryggvi Þórðarson

Ingimundur Helgason

Aðalsteinn Símonarson

2021-06-02 23:59 Rallycrossreglur Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir rallycross skilað til AKÍS.

Til stjórnar AKÍS

Regluráð AKÍS hefur að beiðni keppnisráðs í rallycross, farið yfir breytingu á Keppnisgreinarreglum fyrir rallycross 2021.

Regluráð gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Í samræmi við grein 2.1.g í reglugerð um regluráð AKÍS er lagt til að Keppnisgreinarreglum fyrir rallycross 2021 verði breytt frá og með 2. júní 2021.

Úr grein 1.1.2 falli orðin „Keppnisreglum FIA“ á brott, greinin verði svohljóðandi eftir breytingu:

1.1.2 Keppnir eru haldnar samkvæmt Reglubók FIA (e. International Sporting Code (ISC)), þessum keppnisgreinarreglum og sérreglum hverrar keppni.

Við grein 3.2.5 bætist nýr liður:

3.2.5.b Keppnishaldara er heimilt að setja sérstök takmörk á fjölda aðstoðarmanna með sérreglum ef ytri aðstæður krefjast þess, að fengju samþykki keppnisráðs í rallycrossi.

Við grein 5 bætist ný grein og undirgreinar:

Grein 5.5 ÖRYGGISFULLTRÚI

5.5.1 Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á að framkvæmd keppni stefni ekki áhorfendum, starfsmönnum, keppendum eða tengdum aðilum í hættu.

5.5.2 Öryggisfulltrúi hefur heimild til að stöðva keppni eða einstaka keppendur eða öikumenn, telji hann þörf á því.

5.5.3 Verði slys á fólki ber öryggisfulltrúa að gera skýrslu til AKÍS um atvikið, lýsa aðstæðum og meta mögulegar orsakir.

5.5.4 Öryggisfulltrúa er heimilt að taka ökutæki sem aðild á að óhappi til frekari skoðunar áður en keppandi fær aðgang að því aftur.

5.5.4.a Slík skoðun má fara fram eftir að keppni lýkur.

Regluráð fer þess á leit við stjórn AKÍS að staðfesta útgefna breytingu og birta sem fyrst á vef sambandsins, sbr. 4. tl. 3. egr. 18. gr. laga Akstursíþróttasambands Íslands.

Auk þess er æskilegt að birta frétt um breytinguna á miðlum sambandsins.

Í regluráði AKÍS

Tryggvi Þórðarson

Ingimundur Helgason

Aðalsteinn Símonarson

2021-06-24 17:16 Rallycross - beiðni Gert af: AKÍS/Keppnisráð í rallycross

Úrdráttur úr tölvupósti frá keppnisráði

Breyting sem þarf að gera á fyrirkomulagi á uppröðum.

GREIN 3.8 RIÐLAR

3.8.6.b í þriðja riðli ræðst hann af samanlögðum úrslitum úr 1. og 2. riðli.

Breytist í:

3.8.6.b í þriðja riðli ræðst hann af úrslitum í öðrum riðli.

Keppnisráð í Rallycrossi
Vikar Sigurjónsson

2021-06-25 10:30 Rallycrossreglur Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir rallycross skilað til AKÍS.

Til stjórnar AKÍS

Regluráð AKÍS hefur að beiðni keppnisráðs í rallycross, farið yfir breytingu á Keppnisgreinarreglum fyrir rallycross 2021.

Regluráð gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Í samræmi við grein 2.1.g í reglugerð um regluráð AKÍS er lagt til að Keppnisgreinarreglum fyrir rallycross 2021 verði breytt frá og með 25. júní 2021.

Grein 3.8.6.b breytist á þann veg að í stað orðanna „úr 1. og 2. riðli“ komi orðin „í öðrum riðli“, greinin verði svohljóðandi eftir breytingu:

3.8.6.b Í þriðja riðli ræðst hann af úrslitum í öðrum riðli.

Regluráð fer þess á leit við stjórn AKÍS að staðfesta útgefna breytingu og birta sem fyrst á vef sambandsins, sbr. 4. tl. 3. egr. 18. gr. laga Akstursíþróttasambands Íslands.

Auk þess er æskilegt að birta frétt um breytinguna á miðlum sambandsins.

Í regluráði AKÍS

Tryggvi Þórðarson

Ingimundur Helgason

Aðalsteinn Símonarson

2021-06-29 11:32 Hringakstursreglur - beiðni Gert af: Keppnisráð í hringakstri

Sællir félagar í Regluráði AKÍS.

Í fyrsta lagi, afsakið fáránlega stuttan frest hjá mér á þessari beiðni. Þegar maður er að reyna að gera margt í einu verður eitthvað undan að láta. Ég vona að það komi ekki í veg fyrir tímanlega afgreiðslu á erindinu en geri mér mjög vel grein fyrir því að ég er að setja ykkur í leiðinlega stöðu og tímapressu ef þetta á að geta farið í gegn.

Þegar farið var að undirbúa fyrstu keppni í tímaati á þessu tímabili kom í ljós að keppnisfyrirkomulag reglnanna um Íslandsmót myndi ekki virka fyrir keppni sem haldin yrði eina kvöldstund á virkum degi. Það yrði að hafa fyrirkomulagið knappara og léttara. Sérstaklega þar sem óskir ætlaðra keppenda hafa verið að skráningarfrestur sé mjög nálægt upphafi keppni, til að gefa færi á skráningum þeirra sem uppgötva keppnina seint. Allt rök sem má velta fyrir sér hvort eigi rétt á sér eða hvers virði séu. En í viðleitni keppnishaldara til að verða við þessum óskum höfum við sett skráningarfrest kl. 1800 á keppnisdegi og því er augljóslega alveg ómögulegt fyrir keppnishaldara að undirbúa sig nema mjög takmarkað fyrir hluti eins og skiptingu flokka í keppnislotum ofl.

Ég hef nú gert breytingar á google skjalinu sem geymir reglur um tímaat 2021 (https://docs.google.com/document/d/1_1KDzIKERwBvbVbSxSbEWWojx6mpTWStvzoSIFw/edit#heading=h.20ehr5r69dk2). Þessar breytingar hafa verið samþykktar af keppnisráðinu og biða nú samþykktar ykkar í regluráði. Til einföldunar á ferlinu, og til að gera það skýrt gagnvart ykkur, er ekki búið að samþykka breytingarnar í skjalinu. Þið sjáið því þar allar breytingar sem til eru lagðar.

Ef þið gætuð hugsað ykkur að fara yfir þetta fyrir okkur og gera athugasemdir ef einhverjar eru, eða samþykka í google skjalinu breytingarnar, ef þær teljast í lagi, þá væri það frábært. Við getum þá haldið tímaatskeppni með fyrirkomulagi sem hentar á morgun, miðvikudag.

Ykkur til upplýsingar er planið að keyra keppnina á morgun (ef þetta næst í gegn) þannig að fyrst verður keyrð hálf tíma æfingarlota og svo verður keyrð 2 kist. Keppnislota þar sem keppnistjóri raðar í brautina eftir atvikum og aðstæðum með það að markmiði að keppendur fái að keyra eins mikið og þeim hentar í keppnislotunni.

Þar sem áður hafði verið lagt af stað með orðalags- og takmarkabreytingar í tengslum við aldurstakmörk hef ég þar breytingar inni áfram og bið ykkur um að afgreiða þær í sömu yfirferð, frekar en að taka þær út núna og setja aftur inn síðar. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á neinn enn sem komið er þar sem ekki hefur verið keppt í unglingsflokkum á árinu.

Þá hef ég gert smávægilegar formsbreytingar með skáletrun skilgreindra orða og sett inn grein um öryggisfulltrúa sem er orðrétt eftir tillögu AKÍS ef ég man rétt.

Með bestu kveðju og von um jákvæð viðbrögð,
Baldvin
Fyrir Keppnisráð í hringakstri

2021-06-29 14:41 Hringakstursreglur-umfjöllun

Gert af: TMP

Sælir báðir,

Ég las þetta yfir og er ekki mótfallinn þessum breytingum.

Reglur 2.1.4.a og 2.1.4.b segja sama hlutinn á sitt hvorn háttinn, en allt í lagi með það – textinn sem tekur á unlingaflokkum ætti að vera samræmdur milli keppnisgreina þannig að ekki sé notað eitt orðfæri í kappakstri og annað í rally cross til dæmis. Það er þó vinna sem gera ætti í haust / vetur.

Samþykkt frá minni hendi.

mbk/t

2021-06-29 14:55 Hringakstursreglur-umfjöllun Gert af: AS

ATH Ingimundur að við Tryggvi erum ekki búnir að ná að ræða efnislegar breytingar í síma eins og við töluðum um áðan að við gerðum.

Ég ítreka það sem ég sagði í símann við Ingimund áðan að ég er mótfallinn því að keppnisfyrirkomulag verði leyft að skilgreina í sérreglum eins og lagt er til í 4.1.2.

Grein 1.1.1.a í „Keppnisgreinareglur fyrir tímaat og kappakstur“, og reyndar öllum reglum fyrir keppnisgreinar undir AKÍS segir:

1.1.1.a Keppnishaldara er heimilt að víkja frá keppnisfyrirkomulagi og flokkareglum í keppnum öðrum en Íslandsmeistarakeppnum.

Með þessu finnst mér augljóst að það er ekki vilji þeirra sem sett hafa reglurnar, né AKÍS, að keppnisfyrirkomulag í keppnum til Íslandsmeistara sé valkvætt. Því finnst mér þessi breyting sem lögð er til vera stílbrot og eigi ekki að samþykkjast.

Ég tel líka að þetta þurfi að ræðast „læf“ áður en er ákveðið, ekki verði látið duga að senda tölvupóstskeyti til að upplýsa skoðun.

Aðrar breytingar samþykki ég, þ.e. varðand öryggisfulltrúa, aldurstakmörk, framúrakstur og lokaúrslit.

2021-06-29 15:21 Hringakstursreglur - beiðni Gert af: Keppnisráð í hringakstri

Breytt breyting á reglum.

Regla 4.1.2 breytist í heild sinni og hljóðar svo í nýrri útgáfu:

4.1.2 Keppnisfyrirkomulag skal vera með þeim hætti að hver keppandi fái að lágmarki eina æfingarlotu og eina keppnislotu.

F.h. keppnisráðs AKÍS í hringakstri,
Baldvin Hansson

2021-06-29 15:46 Hringakstursreglur Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir hringakstur skilað til AKÍS eftir samþykki með tölvupósti.

Til stjórnar AKÍS

Regluráð AKÍS hefur að beiðni keppnisráðs í hringakstri, farið yfir breytingu á Keppnisgreinarreglum fyrir hringakstur 2021.

Regluráð gerir ekki athugasemdir við breytinguna.

Í samræmi við grein 2.1.g í reglugerð um regluráð AKÍS er lagt til að Keppnisgreinarreglum fyrir hringakstur 2021 verði breytt frá og með 29. júní 2021.

Grein 2.1.4 breytist á þann veg að í stað orðanna „skal ökumaður hafa náð 15. aldursári til að keppa og má elstur vera 17 ára á keppnistímabilinu.“ komi orðin „má sá keppa sem verður að minnsta kosti 15 ára á árinu.“, greinin verði svohljóðandi eftir breytingu:

2.1.4 Í unglíngaflokkum (flokkar með "junior" í heiti sínu) má sá keppa sem verður að minnsta kosti 15 ára á árinu.

Við bætast tvær nýjar greinar 2.1.4.a og 2.1.4.b svohljóðandi:

2.1.4.a Við 17 ára aldur er ökumaður ekki lengur gjaldgengur í unglíngaflokk nema að hann verði 17 ára þegar Íslandsmót er hafið. Hefur ökumaður þá undanþágu til að klára Íslandsmót í unglíngaflokki.

2.1.4.b Í sérreglum keppni er heimilt að leyfa þeim sem orðnir eru 17 ára á árinu að aka í unglíngaflokki hafi þeir ekið í honum að lágmarki einu sinni í keppni í Íslandsmóti á yfirstandandi keppnistímabili.

Grein 4.1.2 breytist alveg og kemur ný í staðinn“ greinin verði svohljóðandi eftir breytingu:

4.1.2 Keppnisfyrirkomulag skal vera með þeim hætti að hver keppandi fái að lágmarki eina æfingarlotu og eina keppnislotu.

Grein 4.1.2.a falli brott í heild sinni.

Grein 4.1.6.b breytist á þann veg að í stað orðanna „Keppnisstjóri getur refsað“ komi orðin „Heimilt er að refsa“, greinin verði svohljóðandi eftir breytingu:

4.1.6.b Heimilt er að refsa keppanda með 10 sekúndna viðbót við besta brautartíma hans séu reglur um framúrakstur ekki virtar. Refsingin er tekin út í þeirri umferð sem brotið er framið í.

Grein 4.1.8 1. mgr. breytist á þann veg að í stað orðanna „staðfestum úrslitum“ komi orðin „lokaúrslitum“, 1. málsgrein verði svohljóðandi eftir breytingu:

4.1.8 Keppendur fá stig fyrir sæti í lokaúrslitum:

Við bætist svohljóðandi grein 5.5 um öryggisfulltrúa

GREIN 5.5 ÖRYGGISFULLTRÚI

5.5.1 Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á að framkvæmd keppni stefni ekki áhorfendum, starfsmönnum, keppendum eða tengdum aðilum í hættu.

5.5.2 Öryggisfulltrúi hefur heimild til að stöðva keppni eða einstaka keppendur eða öikumenn, telji hann þörf á því.

5.5.3 Verði slys á fólki ber öryggisfulltrúa að gera skýrslu til AKÍS um atvikið, lýsa aðstæðum og meta mögulegar orsakir.

5.5.4 Öryggisfulltrúa er heimilt að taka ökutæki sem aðild á að óhappi til frekari skoðunar áður en keppandi fær aðgang að því aftur.

5.5.4.a Slík skoðun má fara fram eftir að keppni lýkur.

Regluráð fer þess á leit við stjórn AKÍS að staðfesta útgefna breytingu og birta sem fyrst á vef sambandsins, sbr. 4. tl. 3. egr. 18. gr. laga Akstursíþróttasambands Íslands.

Auk þess er æskilegt að birta frétt um breytinguna á miðlum sambandsins.

Í regluráði AKÍS
Tryggvi Þórðarson
Ingimundur Helgason
Aðalsteinn Símonarson

2021-11-08 18:00 1. yfirferðafundur Mættir: AS, TMP. Fjarverandi: IH

Tillaga kom að því að hver færi yfir reglurnar og á næsta fundi tækjum við það sem teldum ábótavert í þeim. Þannig gætum við betur nýtt tíma okkar. AS og TMP biðja þó IH að skoða sérstaklega reglur fyrir rally.

Lagt var til að þær reglur fyrir spyrnu sem verið er að þýða frá FIA reglum verði gerðar aðgengilegar regluráði svo hægt sé að fylgjast með þýðingunni. Þá verður lagt til við spyrnuráð að þýðingin verði gerð í tveggja dálka skjali, þar sem enski textinn er vinstra megin en íslenska þýðing hægra megin.

Hér koma svo tenglar í reglur sem okkur hafa verið sendar:

[Torfærureglur - tæknireglur](#)

[Torfærureglur](#)

[Torfærureglur - tæknireglur götubílar](#)

[Tímaatsreglur](#)

[Hringakstursreglur](#)

[Rallyreglur - nýjar](#)

[Rallyreglur - breytingar](#)

[Rallycrossreglur](#)

[Driftreglur](#)

Ekki fleira tekið fyrir - fundi slitið 18:25

2021-11-09 12:00 Aths Gert af: TMP

Ég sendi á Aðalheiði vegna torfærureglna hvað “viðurkenndur” stóll þýddi. Hún sagði torfæru ráð ekki vita það heldur og bað um að það yrði fellt út.

2021-11-10 00:43 Spyrnureglur Gert af: IH

Keppnisráð í spyrnu hefur skilað inn breytingum á Keppnisgreinarreglum fyrir spyrnu.

Sjá skjal eftir breytingar:

https://docs.google.com/document/d/12Fic0rEaLkahfXiBzj_GzS_k-XqpUiYMHHR8sxvq-D4/e/dit?usp=sharing

Þegar vinna hefst við þýðingu á FIA reglum þá set ég inn tengil á þýðinguna hér.

2021-11-18 20:00 2. yfirferðafundur Mættir: AS, TMB, IH

Farið efnislega yfir breytingar frá keppnisráðum. Breytingar að mestu staðfestar með eilítlum lagfæringum frá öllum keppnisráðum nema fyrir rallycross. Það þarf meiri tíma til að fara yfir umfangsmiklar breytingar á reglum fyrir rallycross.

TMB sendir bréf til Keppnisráðs í torfæru með ábendingum um frekari breytingar.

IH sendir breytingarnar til AKÍS með beiðni um staðfestingu og birtingu þeirra fyrir formannafund.

2021-11-19 17:23 Bréf til formanns AKÍS Gert af: TMB

Sæl Helga,

Við í regluráði eru búnir að fara yfir eftirfarandi reglur og munum senda þér breytingar á þeim síðar í kvöld/nótt:

1. Drift
2. Rally
3. Kappakstur
4. Spyrna
5. Torfæra

Reglur fyrir hringakstur, hermiakstur og rallycross þurfa eilítið meiri vinnu frá okkar og viðkomandi ráðs hendi hvað varðar framsetningu.

Í sumum tilvikum, eins og til dæmis í spyrnu og drift stendur til að þýða FIA reglur og bæta inní núverandi reglur og munum við í regluráði vera innan handar við það.

Torfærun ráði hefur verið bent á að skoða ætti kaflann um stóla betur, sem formaður hefur sagt vera á döfinni.

Tryggvi / Aðalsteinn / Ingimundur

2021-11-19 17:27 Bréf til keppnisráðs í torfæru Gert af: TMB

Sæl Aðalheiður,

Við í regluráði höfum samþykkt breytingar sem torfærun ráð sendi regluráði. Við breyttum nokkrum greinum til samræmis við það sem er notað annars staðar.

Við viljum þó benda á að regluráð telur að:

- a) Endurskoða ætti kaflann um ökumansstóla í báðum tæknireglunum.
- b) Að bæta ætti við í kafla 4.6 skilgreiningu á því hvað gerist þegar ekið er út úr afmörkun þrautar samanber 3.2.11, svo enginn vafi sé á hvað gerist.

c) Að grein 5.4.2 (Rautt flagg er notað til að sýna að þraut sé lokuð og til þess að sýna öikumanni að hann sé flaggaður út úr þraut) og 5.4.2.a (Rautt flagg skal einnig notað til þess að sýna öikumanni ef hætta er á ferð) lýsa tveimur mismunandi notkunum rauðs flaggs í keppni, sem aldrei er gott.

Breytingar þær sem lagðar eru til eru þannig eftirfarandi.

Með bestu kveðju frá regluráði AKÍS
Tryggvi / Aðalsteinn / Ingimundur

2021-11-20 13:29 Spyrnureglur 2022 Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir spyrnu skilað til AKÍS.

2021-11-20 14:11 Torfæruleglur 2022 Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir torfæru skilað til AKÍS.

2021-11-20 15:02 Driftreglur 2022 Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir drift skilað til AKÍS.

2021-11-20 17:17 Rallyreglur 2022 Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir rally skilað til AKÍS.

2021-11-20 20:33 Hringakstursreglur 2022 Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir kappakstur og tímaat skilað til AKÍS.

2021-11-22 01:30 Hringakstursreglur 2022 Gert af: IH

Reglubreytingum fyrir hermikappakstur skilað til AKÍS.

Jafnframt er óskað eftir að keppnistímabil 2022 hefjist í nóvember 2021.

2021-12-01 18:00 3. yfirferðarfundur Mættir: AS, TMB, IH

Farið yfir reglur fyrir rallycross og hermikappakstur. Við förum yfir reglurnar hver í sínu lagi og samræmum ábendingar til viðkomandi keppnisráða á næsta fundi sem verður haldinn föstudaginn 3. des. kl. 18:00.

2021-12-03 18:00 4. yfirferðarfundur Mættir: AS, TMB, IH

Farið yfir reglur fyrir rallycross og gerðar tillögur að úrbótum. Yfirferð er ekki lokið ennþá. Fundi slitið kl. 19:40.

2021-12-08 19:00 Fundur með keppnisráði í rallycrossi Mættir: AS, TMB og Gunnar Bjarnason (GB). IH fjarverandi

Farið yfir reglur fyrir rallycross og staðfest það sem Regluráð hafði lagt til. Farið betur yfir umferðir, riðla og þess háttar og greinar færðar á milli kafla til að hafa saman samstæða

hluti. Umræður um áminningarpunkta - útteilingu þeirra og utanumhald.

Fundi slitið kl. 20:40.

2021-12-10 18:15 Símafundur Mættir: AS, TMP, IH

Farið yfir endurbættar reglur fyrir hermikappakstur. AS nefndi að hann hefði ekki farið yfir þessa nýju útgáfu og hefði því ekki nægar forsendur til ákvörðunar en lætur það ekki standa í vegi því að senda þær til staðfestingar. TMP og IH hafa farið yfir textann og telja að reglurnar nái yfir það sem skiptir máli fyrir rekstur keppinnar m.t.t. keppnisfyrirkomulags. Samþykkt að senda þær áfram til AKÍS.

Fundi slitið kl. 18:21.

2021-12-14 19:00 Google meet fundur Mættir: AS, TMP, IH

Farið yfir reglur fyrir rallycross og gerðar tillögur að úrbótum. Umræður um áminningarpunkta - útteilingu þeirra og utanumhald. Yfirferð er ekki lokið ennþá.

Fundi slitið kl. 20:40.

2022-01-07 19:00 Google meet fundur Mættir: AS, IH, TMP

Farið yfir reglur fyrir rallycross.

Fundi slitið kl. 21:00.

2022-01-12 19:00 Google meet fundur Mættir: AS, IH, TMP, GB, VS

Farið yfir reglur fyrir rallycross með Gunnari Bjarnasyni og Vikari Sigurjónssyni og hreinsuð mörg vafamál út. Ákveðið að GB og TMP hittust í hádeginu daginn eftir til að ræða yfirlit yfir líklegar refsingar.

Fundi slitið kl. 21:30.

2022-01-13 12:00 Raunfundur Mættir: TMP,GB

Farið yfir yfirlit yfir líklegar refsingar og fundið út sett tilvísun í reglur.

Fundi slitið kl. 21:30.

2022-01-20 19:00 Google meet fundur Mættir: AS, TMP

Farið yfir lokauppkast að reglum fyrir rallycross. Ákveðið að senda reglurnar til AKÍS til samþykktar og birtingar með eftirfarandi athugasemdum:

Regluráð sendir stjórn AKÍS meðfylgjandi keppnisgreina reglur fyrir rallycross, sem ráðið óskar eftir að verði birtar í heild hið fyrsta. Reglurnar er að finna á þessari slóð:

<https://docs.google.com/document/d/1Ax5IsxmvEfrFBTvg9z5RFIbwwW4Snpl-Mq4oSCsSmBg/edit?usp=sharing>

Regluráð hefur sett mikinn tíma í það að færa reglurnar til samræmis við aðrar keppnisgreina reglur AKÍS og það er ein aðalástæða þess hve seint þær koma til stjórnar AKÍS.

Í framhaldi þessa skeytis til mun regluráð skoða betur með rallycrossráði þrjár greinar (3.2.8.a.ii, 3.4.1.a.i og 3.11.5) og koma upplýsingum um niðurstöðu þeirrar skoðunar til stjórnar AKÍS við fyrsta tækifæri.

Aukinheldur vill regluráð benda á að viðauki B í keppnisgreinar reglum fyrir rallycross sýnir útdrátt yfir líklegar refsingar við ýmsum brotum. FIA hefur lagst gegn því að slíkir útdrættir refsinga séu í keppnisgreinar reglum, þar sem næsta ómögulegt er að halda údrættinum réttum yfir tíma. Til samræmis hefur slíkur útdráttur verið felldur út úr öðrum keppnisgreina reglum AKÍS. Þó regluráð hafi samþykkt viðauka B núna, telur regluráð að í framtíðinni eigi að fara eins að í öllum keppnisgreina reglum AKÍS og fara eftir því sem FIA hefur sett fram um þetta.

Fundi slitið kl. 20:00.

2022-01-24 Bréf til keppnisráðs í torfæru

From: tryggvimagnus@gmail.com
Sent: mánudagur, 24. janúar 2022 14:37
To: 'Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir'
Cc: reglur@akis.is; Icelandic Motorsport Association
Subject: Torfærureglur

Aðalbjörg,

Regluráð vill mjög gjarnan hefja samtal við torfæuraráð til að skoða grein 5.4.2.a með það fyrir augum að tekin verði upp stöðluð notkun flagga.

Þá vill regluráð ræða grein um ökumanssæti verði skoðuð vel með það fyrir augum að það sem sett er fram þar standist öryggiskröfur. Dæmi: FIA stóll er fenginn og borað í bak hans til að festa í þverstífu veltibúrs þýðir að stóllinn er „ónýtur“ og má ekki nota í keppnisþróttum – sama með heimagerðan hliðarstuðning á FIA sæti. Greinin um ökumanssæti er númer 8 í tæknireglum götubíla, en 24 í tæknireglum sérútbúinna.

Það er von okkar að 5.4.2.a geti komið til framkvæmda fyrir keppnistímabilið 2022, en að hitt miði við 2023 eða síðar.

Með kveðju frá regluráði AKÍS
Tryggvi M. Þórðarson
GSM: 692 3672

2022-02-21 19:00 Google meet fundur Mættir: AS, IH, TMP

- 1) Farið yfir reglugerð AKÍS um regluráð og skoðað sérstaklega hvort að regluráð hefði sinnt hlutverki sínu. Var komist að því að svo væri, utan að birta gjörðabók á vef AKÍS. Ákveðið var að fyrir ársþing AKÍS 2022 verði sett PDF eintak af þessari gjörðabók á netið.
- 2) Farið var yfir breytingar sem FIA hefur gert á Reglubókinni og þýðingar þeirra á íslensku. Eftir yfirferð var samþykkt að senda Reglubókina til birtingar á vef AKÍS.
- 3) Rætt um skjal er sent var til Regluráðs um byggingu rallycross brauta. Aftast í skjalinu er sagt að höfundarréttur sé Motorsport UK. Leitað var heimildar Motorsport UK til að birta skjalið, sem ekki fékkst þar sem það var ekki til samræmis við nýjustu kröfur.

Eftir skoðun kom í ljós að viðauki 3 í viðauka O við Reglubókina fjallar um gerð rallycross brauta og mun sá viðauki þýddur og birtur á vef AKÍS, eftir ritrýni regluráðs.

- 4) Skilaboð komu frá spyrnuráði að verið væri að hefja vinnu við það að þýða valda kafla úr spyrnureglum FIA (FIA Drag Racing - Race Procedures og FIA Drag Racing - Technical regulations). Spyrnuráð mun láta regluráð vita um framgang verksins eins og þurfa þykir.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 20:20

2022-02-21 20:33 Reglubókin 2022 Gert af: IH

Tilkynning til AKÍS um að birta megi þýðingu Reglubókarinnar með nýjustu breytingum frá FIA.

From: Ingi - Shelby GT500 <ingimundur@shelby.is>
Sent: mánudagur, 21. febrúar 2022 20:32
To: Akstursíþróttasamband Íslands AKÍS
Cc: reglur@akis.is
Subject: Reglubóin.

Til stjórnar AKÍS

Regluráð AKÍS hefur í samræmi við grein 2.1.c í reglugerð um regluráð AKÍS þýtt og staðfært nýlegar breytingar FIA (04.01.2022) á Reglubókinni FIA International Sporting Code. Lagt er til að Reglubókin taki gildi frá og með 21.02.2022.

Regluráð fer þess á leit við stjórn AKÍS að staðfesta útgefna breytingu og birta sem fyrst á vef sambandsins, sbr. 4. tl. 3. egr. 18. gr. laga Akstursíþróttasambands Íslands. Auk þess er æskilegt að birta frétt um breytinguna á miðlum sambandsins.

Í regluráði AKÍS
Tryggvi Þórðarson
Ingimundur Helgason
Aðalsteinn Símonarson

2022-02-21 Bréf til stjórnar AKÍS

From: allisim68@gmail.com
Sent: mánudagur, 21. febrúar 2022 20:15
To: 'Akstursíþróttasamband Íslands AKÍS'
Cc: reglur@akis.is
Subject: Birting á reglum

Gott kvöld

Á fundi regluráðs nú fyrr í kvöld var samþykkt að benda stjórn / skrifstofu AKÍS á að æskilegt væri að eldri útgáfur af reglum væru ekki aðgengilegar á sama stað / svæði á www.aksi.is og gildandi reglur. Jafnframt að reynt væri að tryggja að ekki sé hægt að afrita eldri útgáfur öðruvísi en að fram komi að viðkomandi reglur séu ekki lengur í gildi. Er þessi ábending fram komin vegna dæma um að fólk hafi í grandaleysi vitnað í og unnið eftir reglum sem hafi verið felldar úr gildi.

Kveðja,
Alli – 839 8183